

# **Tilmæli Tilm(2006)19**

## **ráðherranefndarinnar til aðildarríkja**

### **um stefnu til eflingar foreldrahæfni**

(Samþykkt af ráðherranefndinni 13. desember 2006  
á 983. fundi fulltrúa ráðherranna)

Ráðherranefndin, í samræmi við grein 15.b í lögum Evrópuráðsins,

Með það í huga að markmið Evrópuráðsins er að skapa meiri einingu meðal aðildarríkjanna, meðal annars með því að leggja til að teknar séu upp sameiginlegar reglur;

Vitnað er til starfs Evrópuráðsins hvað varðar börn og fjölskyldur og eftirfarandi lagasetningar ítrekaðar:

- Sáttmáli um mannréttindi og grundvallarfrlsi (ETS nr. 5) sem verndar rétt allra, þar á meðal barna;
- Félagsmálasáttmáli Evrópuráðsins (ETS nr. 35) og endurskoðaður Félagsmálasáttmáli Evrópuráðsins (ETS nr. 163), þar sem kveðið er á um að „fjölskyldan er undirstöðueining í samfélaginu og á rétt á félagslegri, löglegri og fjárhagslegri vernd til að tryggja að hún megi þróast“ (grein 16);
- Sáttmáli Evrópuráðsins um réttindi barna (ETS nr. 160);  
Sáttmáli um umgengnisrétt barna (ETS nr. 192);
- Tilmæli ráðherranefndarinnar til aðildarríkja: Nr. R (84) 4 um ábyrgð foreldra; nr. R (85) 4 um ofbeldi innan fjölskyldu; nr. R (87) 6 um fósturfjölskyldur; nr. R (94) 14 um samþætta og þverfaglega fjölskyldustefnu; nr. R (96) 5 um samhæfingu starfs og fjölskyldulífs; nr. R (97) 4 um hvernig tryggja má og bæta heilsufar einstæðra foreldra og barna þeirra; nr. R (98) 8 um þátttöku barna í lífi fjölskyldunnar og félagslífi; Tilm(2005)5 um réttindi barna sem búa á

stofnunum og Tilm(2006)5 um aðgerðaáætlun Evrópuráðsins til að efla réttindi og fulla þátttöku fatlaðra í samfélaginu: að bæta lífsgæði fatlaðra í Evrópu 2006–2015;

Með endurskoðaða félagsmálastefnu um félagslega samheldni í huga og þá staðreynd að félagsleg samheldni kemur fyrst fram í fjölskyldum hlýtur að þurfa að leitast við að styrkja fjölskylduna, án þess vitaskuld að ganga á rétt einkaaðila eða sveitarfélaga;

Vitnað er til tilmæla Evrópuþingsins 751 (1975) um stöðu og ábyrgð foreldra í nútímafjölskyldu og stuðning þeim til handa frá samfélaginu; 1074 (1988) um fjölskyldustefnu; 1121 (1990) um réttindi barna; 1443 (2000) um alþjóðlega ættleiðingu: að virða rétt barna; 1501 (2001) um ábyrgð foreldra og kennara á menntun barna; 1551 (2002) um uppbyggingu samfélags 21. aldar með börnum og fyrir börn: árétting Evrópustefnu fyrir börn (Tilmæli 1286 (1996)); 1639 (2003) um sáttaumleitunir innan fjölskyldna og jafnrétti kynja; 1666 (2004) um bann við líkamsrefsingum barna í Evrópu; 1698 (2005) um réttindi barna á stofnunum; árétting Tilmæla Evrópuþingsins 1601 (2003);

Lögð er áhersla á mikilvægi Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna. Öll aðildarríki Evrópuráðsins eru aðilar að þeim sáttmála og meginlögmál hans á ævinlega að leggja til grundvallar í uppeldi og umönnun barna;

Vitnað er til þriðja fundar þjóðhöfðingja og leiðtoga ríkisstjórna (í Varsjá í Póllandi, maí 2005) þar sem þeir skuldbundu sig allir til að fylgja fullkomlega ákvæðum Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna, að vinna ötullega að því að auka rétt barna og grípa til sérstakra ráðstafana til að uppræta hvers kyns ofbeldi gagnvart börnum. Jafnframt er vitnað til átaksins „Byggjum Evrópu með börnum og fyrir börn” sem hófst opinberlega í Mónakó 4. og 5. apríl 2006;

Vitnað er til lokaályktunar og pólitískrar yfirlýsingar ráðherra Evrópuráðsins sem fara með fjölskyldumál á 28. fundi þeirra (í Lissabon í Portúgal 16.–17. maí 2006), einkum:

- viðurkennt er að stuðningur við foreldrahlutverkið, þótt tengt sé einkalífi fjölskyldunnar, ætti að vera hluti af stefnu stjórnvalda og grípa ætti til allra nauðsynlegra aðgerða til að styðja foreldra og skapa aðstæður til að bæta foreldrahæfni;
- staðið skal við skuldbindingar um að hrinda í framkvæmd sameiginlegri evrópskri stefnu um málefni fjölskyldunnar og réttindi barna innan ramma Evrópuráðsins;

Líta ber á barnið sem einstakling sem nýtur réttinda, þar á meðal réttar til að njóta verndar og taka þátt í samfélaginu, láta í ljós skoðanir sínar, að á þær sé hlustað og tillit tekið til þeirra;

Stjórnvöld gegna mikilvægu hlutverki við að styðja fjölskyldur almennt og þó einkum foreldra. Þetta er einkum gert í þremur meginstoðum fjölskyldustefnunnar: opinbera tilfærslukerfinu og skattlagningu, leiðum til að samræma vinnu og fjölskyldulíf, leikskólum og annarri þjónustu;

Munum að fjölskyldan er grundvallareining samfélagsins og foreldrahæfni skiptir miklu máli fyrir samfélagið og framtíð þess;

Margvíslegar breytingar steðja að fjölskyldum nútímans og því þarf að gefa foreldrahlutverkinu meiri gaum og betri stuðning; slíkur stuðningur er börnum, foreldrum og samfélaginu í heild nauðsynlegur;

Öll svið samfélagsins gegna hlutverki í stuðningnum við foreldra, börn og fjölskyldur;

Yfirvöld, í samvinnu við aðila úr fjármála- og félagsmálageiranum og sveitarfélög, geta tekið þátt í stuðningi við foreldra og stuðlað með því að heilbrigðri og happasælli framtíð samfélagsins, og jafnframt bættu fjölskyldulífi;

Munið þörfina á samþættum og þverfaglegum aðgerðum;

Munið að stuðla að bættri foreldrahæfni, styðjið foreldra og tryggið að réttindi barna séu virt;

Ráðherraráðið beinir eftirfarandi tilmælum til aðildarríkjanna:

- Viðurkennið mikilvægi fjölskyldunnar og foreldrahlutverksins og skapið aðstæður til að efla foreldrahæfni með hag barna að leiðarljósi;
- Beitið öllum lagalegum, stjórnarfarslegum, efnahagslegum leiðum og öðrum aðferðum til að fara eftir þeim meginatriðum sem eru sett fram í viðauka við þessi tilmæli.

*Viðauki við Tilmæli Tilm(2006)19*

## **1. Skilgreiningar**

Í þessum Tilmælum er hugtakið:

„Foreldrar“ notað um þá sem hafa forræði yfir barni og bera ábyrgð á því;

„Foreldrahlutverk“ notað um öll þau verkefni sem foreldrar þurfa að sinna við umönnun og uppeldi barna. Foreldrahlutverk á einkum við um samskipti foreldra og barna og felur í sér réttindi og skyldur á þroskaferli barnsins;

„Foreldrahæfni“ notað um það að sinna foreldrahlutverkinu með hag barnsins að leiðarljósi; það er að segja veita barninu andlega næringu, efla sjálfsvitund þess, beita það ekki ofbeldi, veita því viðurkenningu og leiðsögn sem felur jafnframt í sér að setja mörk og stuðla með öllu þessu að því að barnið nái mestum hugsanlegum þroska.

## **2. Grundvallarreglur um stefnur og leiðir**

Í stefnum og leiðum til að styðja við foreldra ætti að:

- i. byggja á réttindum: líta á börn og foreldra sem einstaklinga sem hafa bæði réttindi og skyldur;
- ii. byggja á sjálfviljugri þátttöku þeirra einstaklinga sem um er að ræða, nema þegar yfirvöld neyðast til að grípa í taumana til að vernda barnið;
- iii. viðurkenna að foreldrar bera fyrst og fremst ábyrgð á barni sínu og þeim ber að hafa hagsmuni barnsins að leiðarljósi;
- iv. líta á börn og foreldra sem féлага sem taka þátt í, eftir því sem við á, þeim aðgerðum sem gripið er til þeirra vegna;
- v. byggja á jafnri þátttöku beggja foreldra og virða að saman eru þau ein heild;
- vi. tryggja öllum börnum jöfn tækifæri án tillits til kyns þeirra, stöðu, hæfileika eða fjölskyldustöðu;
- vii. taka tillit til mikilvægis þess að njóta nægilegra lífsgæða til að geta sýnt foreldrahæfni;
- viii. byggja á skýrt mótaðri skilgreiningu á foreldrahæfni;
- ix. snúa sér að foreldrum og öðrum þeim sem bera ábyrgð á umönnun barnsins, heilbrigði þess, menntun og félagsfærni og virða grundvallarreglur foreldrahæfni;
- x. þekkja mismunandi hlutverk foreldra og nálgast málin á mismunandi vegu eftir því sem við á;
- xi. líta jákvætt á möguleika foreldra og leggja megináherslu á að hvetja þá;
- xii. taka sér nægan tíma til að tryggja stöðugleika og að starfið sem hafið var haldi áfram;
- xiii. tryggja að fjölda regna hjá ríkinu sé haldið í lágmarki til þess að jafnvægi sé milli ríkis og sveitarfélaga hvað það varðar og tryggja að sveitarfélög veiti foreldrum stuðningsþjónustu;
- xiv. tryggja samstarf ráðuneyta, hvetja til samhæfingar aðgerða mismunandi ráðuneyta, deilda og stofnana sem koma að málum til þess að stefnan verði heildstæð og víðtæk;
- xv. fylgjast með á alþjóðavettvangi þar sem fagfólk skiptist á skoðunum og lærir af reynslu annarra til þess að geta bætt fjölskylduhæfni í sínum eigin ranni.

### 3. Markmið

Ríkisstjórnir ættu að skipuleggja stefnu og leiðir til að bæta foreldrahæfni með það fyrir augum að ná eftirtöldum þremur markmiðum:

- i. skapa skilyrði fyrir betri foreldrahæfni með því að tryggja að allir sem ala upp börn hafi aðgang að margvíslegum hjálpartækjum (efni, sálfræðiaðstoð, félagslegri og menningarlegri aðstoð) og að víðtæk félagsleg úrræði og lífsmynstur séu til staðar fyrir fjölskyldur með börn og einnig fyrir foreldra;
- ii. ryðja úr vegi því sem hindrar fjölskylduhæfni, af hverju tagi svo sem það er. Einkum ætti í atvinnustefnu að taka meira tillit til samhæfingar vinnu og barnauppeldis;
- iii. efla foreldrahæfni með því að auka vitund fólks um hana og grípa til allra tiltækra ráða svo að hún megi eflast og batna. Til þess að gera stefnu um stuðning við foreldrahlutverkið skilvirka ættu stjórnvöld að hafa frumkvæði að því að gera fólki ljóst gildi og mikilvægi foreldrahæfni. Stjórnvöld ættu að halda umræðu um foreldrahlutverkið vakandi og stuðla að því að þátttaka í foreldrafræðslu verði eðlilegur hluti af foreldrahlutverkinu. Upplýsingar ættu að beinast að mismunandi foreldraímyndum til að komast hjá mismunun.

Markmið með stefnum og leiðum ætti að vera heildstæð þróun (í öllum sínum margbreytileika) og góð meðferð barna, með fullri virðingu fyrir grundvallarréttindum þeirra og sjálfsvitund. Forgang ætti þó að hafa að útrýma allri vanrækslu barna og illri meðferð og líkamlegu og andlegu ofbeldi (þar á meðal lítillækkun, niðurlægjandi meðferð og líkamlegum refsingum).

Einnig er nauðsynlegt að taka upp og þróa síðan góða stefnu til að breyta félagslegum viðhorfum og lífsmynstri til þess að geta betur komið til móts við þarfir barna, foreldra og fjölskyldna en einkanlega þarf þó að leggja áherslu á fjölskylduvænan vinnumarkað og þjónustu.

#### **4. Réttur barna í stefnu stjórnvalda**

Í stefnu stjórnvalda um stuðning til handa foreldrum ættu að vera ákvæði um börn, þar sem viðurkenndar þarfir þeirra og áhugamál og að þarfir þeirra eru mismunandi eftir aldri, hæfni og þroskastigi. Ákvæði Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna ætti að hafa í heiðri og allir, bæði opinberir aðilar og einkaaðilar, sem vinna að þessum málum ættu að hafa þau að leiðarljósi, einkánlega hvað varðar eftirtalin réttindi og meginreglur:

- i. rétt til jafnræðis;
- ii. hagsmunir barnsins skulu ætíð hafðir að leiðarljósi;
- iii. rétt barnsins til að lifa og þroskast;
- iv. rétt barnsins til þátttöku, fá að láta í ljósi skoðanir sínar, að á það sé hlustað og tillit tekið til þess, að það fái upplýsingar og fái að ganga í félög og önnur samtök;
- v. rétt á vernd og umönnun.

Vegna þessa er mikilvægt að barnið alist upp í hollu umhverfi fjölskyldunnar og við jákvæðar aðstæður.

#### **5. Um ábyrgð foreldra, réttindi þeirra og skyldur**

Með hagsmuni barnsins að leiðarljósi verður líka að leggja áherslu á rétt foreldranna, til dæmis á eðlilegum stuðningi hins opinbera svo að þeir geti rækt foreldrahlutverkið á viðhlítandi hátt. Að foreldrar beri jafna ábyrgð á barni sínu og deili þeirri ábyrgð er mjög mikilvægt varðandi persónuleikaprofna barnsins.

Sérstaka áherslu ætti að leggja á mikilvægi feðra í uppeldi og umönnun barna sinna og hafa þá einkum í huga jafnrétti kynjanna, áhrif þess á fjölskyldur að reyna að samræma fjölskyldulíf og starf og upplausn fjölskyldna við skilnað, sem oft hefur þær afleiðingar að feður búa fjarri börnum sínum.

## 6. Meginþættir í stefnum og leiðum

Stefna sem ætlað er að bæta foreldrahæfni skilar mestum árangri ef hún byggist á ráðgjöf og samtölum við foreldra og sjálfviljugri þátttöku þeirra sem félagar ráðgjafanna. Til viðbótar við nauðsynleg atriði sem nefnd eru í 4. og 5. lið þessa viðauka ættu eftirfarandi atriði að felast í meginþáttunum:

### 6.1 Stuðningur við foreldra

- i. ásamt leiðum sem stjórnvöld beita til að styðja foreldra ætti líka að koma til stuðningur frá öðrum (til dæmis sveitarfélögum og félagsþjónustu);
- ii. stefnan ætti að miðast við að foreldrar njóti stuðnings á eftirfarandi þremur sviðum:
  - óformlegan stuðning: styrkja þau félagslegu tengsl sem foreldrarnir hafa þegar og hvetja til nýrra tengsla við fjölskyldu, nágranna og vini;
  - hálf-formlegan stuðning: hjálpa foreldrunum (hugsanlega með aðstoð ráðgjafa) til að ástunda sjálfshjálp, leita til stuðningshópa og fá aðra þjónustu og aðstoð, og loks
  - formlegan stuðning (þ.e. aðstoð fagfólks).

### 6.2 Menntun í réttindum barna og foreldrahæfni

- i. hvetja ætti foreldra til að gera sér betur grein fyrir eðli foreldrahlutverksins (og hvernig það er að breytast), réttindum barna, ábyrgð og skyldum sem af þessu leiða, og eigin réttindum;
- ii. stjórnvöld ættu líka að beita sér fyrir útgáfu ítarlegra leiðbeininga og bjóða sérstök námskeið til að aðstoða foreldra við að takast á við erfiðleika, leysa ágreiningsmál, reiðistjórnun án ofbeldis og finna leiðir til að sætta fólk;
- iii. einnig ætti að bjóða fyrirbyggjandi námskeið til að koma í veg fyrir hvers konar slæma meðferð á börnum og gera foreldrum grein fyrir því gríðarmikla vandamáli og áhrifum þess á þroskaferil barnsins;



- iv. einnig ætti að fræða börn um réttindi sín og skyldur til þess að þau geri sér grein fyrir hvað felst í foreldrahæfni og hvaða þýðingu hún hefur fyrir þau.

### 6.3 Að sameina starf og fjölskyldulíf

- i. stjórnvöld ættu að skapa nauðsynleg skilyrði – og hvetja ætti atvinnurekendur til hins sama – til að betra verði að sameina fjölskyldulíf og starf. Þetta má gera með lagasetningu en einnig með öðrum leiðum (til dæmis sveigjanlegum vinnutíma, samræmingu vinnu- og skólatíma, leyfi frá vinnu, ýmiss konar barnagæslu, umönnun fatlaðra barna og sjúkra barna o.s.frv.);
- ii. hvetja ætti samtök atvinnurekenda og launþega til að semja um og setja fram sérsniðnar lausnir til að mæta þörfum hvers fyrirtækis og starfsmanna þess;
- iii. góður árangur sýnir vinnuveitendum að góð samræming starfs og fjölskyldulífs kemur fyrirtækjum til góða.

### 6.4 Stefna sveitarstjórna

Mikilvægt er að aðgerðir sveitarstjórna miði að því að finna lausnir sérsniðnar fyrir íbúa svæðisins. Samvinna og samhæfing aðgerða ríkisvalds og sveitarstjórna er nauðsynleg til þess að geta boðið fjölskyldum betri þjónustu og nýtt til fullnustu þær leiðir sem tiltækar eru. Aðgerðir ríkisvaldsins ættu að heimila hæfilegan sveigjanleika í þeirri þjónustu sem boðin er, en jafnframt þarf að gæta jafnræðis og allar fjölskyldur eiga kost á sams konar stuðningi.

## 7. Markmið með stefnum og leiðum

Sérstakan gaum ætti að gefa erfiðum félags- eða fjárhagslegum aðstæðum og vandamálum innan fjölskyldna sem krefjast sérhæfðari stuðnings.

Það er líka nauðsynlegt að beita sérhæfðari aðgerðum í bland við almennan stuðning. Foreldrahlutverkið er við tiltekna aðstæður og á tilteknum tímum ævinnar erfiðara en ella. Þrátt fyrir mismunandi aðstæður í mismunandi löndum ætti sérstaklega að huga að eftirtöldum hópum:

- i. foreldrum með fyrsta barn;
- ii. foreldrum á táningsaldri;
- iii. fjölskyldum með sérstakar þarfir;
- iv. fjölskyldum sem eiga erfitt fjárhags- eða félagslega.

Ef foreldrar hafa skilið ætti stuðningur við fjölskylduna að miða að því að viðhalda tengslum barnsins eða barnanna við báða foreldrana, nema það sé andstætt vilja barnsins. Fjölskyldan á jafnframt að hafa aðgang að faglegri ráðgjöf og gaumur skal gefinn að því ef foreldrar hafa mismunandi menningarlegan bakgrunn eða eru af mismunandi þjóðerni.

Yfirvöld ættu að hvetja til myndunar tengslahópa þar sem fjölskyldur geta leitað hjálpar og sjá fyrir húsnæði þar sem foreldrar geta hist og ræðst við – með hjálp fagfólks ef nauðsyn krefur – um málefni sem tengast foreldrahlutverkinu, og sjá foreldrum fyrir nauðsynlegri stuðningsþjónustu, til dæmis ráðgjöf og ókeypis hjálparlínur sem hringja má í.

## **8. Foreldrahlutverkið ef búið er við félagslega útskúfun**

Mjög erfitt getur reynst að rækja foreldrahlutverkið ef búið er við félagslega útskúfun eða hætta er á henni. Því þarf að huga sérstaklega að þörfum barna og fjölskyldna við þær aðstæður, einkánlega með tilliti til eftirtalins:

- i. veita langtímastuðning, eftir því sem við á, til að hjálpa þeim að ná sama árangri og önnur börn og fjölskyldur; í þeim stuðningi ætti að felast að styðja þau á heimili sínu eða þar sem þau eru oftast og hafa hugfast að oft óttast foreldrar sem búa við félagslega útskúfun

- starfsfólk félagsþjónustunnar, eru hræddir um að börnin verði tekin af þeim;
- ii. styðja foreldrana og gera þeim kleift að ná nauðsynlegri hæfni til að geta uppfyllt skyldur sínar gagnvart börnunum;
  - iii. tryggja aðgang að því sem fjölskyldan á rétt á (þar á meðal rétti til mannsæmandi tekna, heilbrigðisþjónustu, menntunar, húsnæðis og atvinnu) og sams konar þjónustu og aðrar fjölskyldur njóta;
  - iv. tryggja að litið sé á fjölskyldur og börn sem búa við félagslega útilokun í sínu félagslega samhengi (alla stórfjölskylduna, samfélagið og tengslanet þeirra) og að þau njóti jafngóðrar þjónustu og aðrar fjölskyldur, með tilliti til þarfa sinna;
  - v. byggja upp traust samband við fjölskyldurnar og gera foreldrum kleift að ná aftur stjórn á lífi sínu;
  - vi. skipuleggja þjálfun fyrir fagfólk og foreldra saman til þess að bæta þekkingu og skilning til að byggja upp sameiginlegt starf með hagsmuni barnsins að leiðarljósi og gefa fagfólki kost á að kynna sér hvað þessar fjölskyldur þurfa að reyna og vita þar með betur um stefnumál fjölskyldunnar og geta aðstoðað hana við að ná þeim;
  - vii. tryggja fagfólkinu aðstoð svo að það verði hæfara til að vinna með fólki sem á mjög erfitt og læri að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að nálgast vandann með nýjum hætti;
  - viii. grípa til viðeigandi aðgerða til að komast hjá því að fjölskyldur innflytjenda lendi utangarðs;
  - ix. varast leiðir og aðgerðir sem mismuna börnum og foreldrum með því að koma öðruvísi fram við þau af því að fjölskyldurnar eru fátækari en aðrar;
  - x. leita leiða til að hindra brottfall úr skóla, enda er það árangursrík leið til að vinna gegn örvilnun í fjölskyldum.

## 9. Leiðbeiningar handa fagfólki

Til þess að framangreind réttindi og meginreglur verði í heiðri höfð verður að setja kröfur um verklag og árangur. Fagfólk og aðrir sem koma að málum (þar á meðal þeir sem starfa ekki beinlínis með börnum en gætu þó með störfum sínum haft áhrif á réttindi þeirra) ættu að fá leiðbeiningar um þjónustuna – eins og Leiðbeiningar Evrópuráðsins um foreldrahæfni – þar sem sérstök áhersla er lögð á eftirfarandi atriði:

- i. jafnræði og aðgengi að stuðningi á að vera grundvöllur allra aðgerða;
- ii. ráðgjafar skulu vera félagar foreldra og efla foreldrahæfni þeirra. Í þessu felst að virða reynslu foreldranna sjálfra og að þeir þekkja sín eigin börn;
- iii. stofnanir sem koma að málum þurfa að vinna saman og samhæfa störf sín, skilgreina hvaða verkþætti hver stofnun sér um, skiptast á skoðunum og upplýsingum og vinna þverfaglega að málum;
- iv. tryggja að nauðsynleg þjónusta sé veitt í formi stuðnings og aðstoðar, hvetja til frumkvæðis fjölskyldunnar og gæta þess að hún verði ekki háð ráðgjöfum sínum. Í samræmi við það á að styðja við sterkar hliðar fjölskyldunnar. Þetta merkir ennfremur að fagfólkið á að styðja foreldrana, án þess að sýna dómhörku eða lítilsvirðingu;
- v. byggja upp sjálfstraust foreldra, efla hæfni þeirra og hvetja þá til að leita upplýsinga og þjálfunar;
- vi. gera börnum kleift að gera grein fyrir tilfinningum sínum og þörfum, sérstaklega mjög ungum börnum og þeim sem eiga erfitt með að tjá sig;
- vii. muna mikilvægi þjónustunnar og starfs fagfólksins og tryggja að áhersla sé lögð á:
  - viðamikil þjálfun fagfólks sem kemur að málum;
  - stöðugt mat á aðgerðum, bæði ytra og innra (sjálfsmat);
  - áframhald aðgerða;
  - svör, byggð á skilningi á barninu og fjölskyldunni sem fengist er við.
- viii. finna aðferðir til að átta sig á áhættuþáttum varðandi foreldraumönnun og dreifa upplýsingum um þær meðal félagsráðgjafa,

heilbrigðisstarfsfólks, þeirra sem vinna með ungu fólki, kennara og starfsfólks leikskóla til að hjálpa þeim að finna fjölskyldur sem eiga í vanda í þessum efnum og bjóða þeim stuðning. Sífelld ætti að reyna að bæta samstarf þeirra sem vinna að því að styðja tiltekna fjölskyldu;

- ix. samvinna þegar nauðsynlegt reynist að taka börn af foreldrum sínum. Vinna þarf með upphaflegu fjölskyldunni (líta á foreldrana sem félag) til að hjálpa henni að búa sig undir þessa aðgerð og sætta sig við hana þar sem hagsmunir barnsins séu hafðir að leiðarljósi. Markmiðið ætti ævinlega að vera að barnið snúi aftur til fjölskyldu sinnar ef mögulegt er.

## **10. Skóli og leikskóli**

Veita ætti aðstoð í skólanámi og styðja foreldra (einkum ef börn vantar traustar rætur og fast heimili – til dæmis sígauna og börn sumra innflytjenda). Samstarf skóla og leikskóla og viðræður við foreldra eru af hinu góða, einkanlega ef fjölskyldan á í erfiðleikum og börn eru með sérþarfir.

## **11. Leiðbeiningar til foreldra og þeirra sem bera ábyrgð á börnum og umönnun þeirra**

Allir foreldrar og aðrir sem annast börn daglega (til dæmis starfsfólk leikskóla og skóla) ættu að fá leiðbeiningar um foreldrahæfni. Í þeim leiðbeiningum ætti að koma skýrt fram að barnið beri að virða sem einstakling og stuðla eigi að þátttöku þess í samfélaginu og að foreldrar hafi réttindi, eigi síður en skyldur. Þessar leiðbeiningar ætti að semja með þátttöku allra aðila málsins, sérstaklega foreldra, ráðgjafa og barna, til að tryggja að þær þjóni tilgangi sínum og farið sé eftir þeim.

## **12. Alþjóðleg samvinna**

Grípa ætti til aðgerða til að auka alþjóðlega samvinnu varðandi foreldrahæfni.